

UM LÆSI OG TVÍTYNGI

Sigríður Ólafsdóttir, lektor við deild kennslu- og menntunarfræða við menntavísindasvið Háskóla Íslands

Læsi og tvítyngi eru hugtök sem eiga fallegan samhljóm. Læsi felur í sér skilning á lesnum texta og færni til að tjá sig í rituðu máli. Þar sem ritað mál er mun fjölbreyttara og flóknara en talað mál, er læsi grundvöllur framfara í málþroska barna og tvítyngdra barna í báðum tungumálum þeirra. Málþroski þróast frá fæðingu en formlegt lestrarnám hefst yfirleitt um 5–6 ára aldur.

Í upphafi lestrarnáms æfa börn að tengja saman stafi og hljóð, kalla fram orð og setningar sem síðan þróast í áreynslulausan lestur, lesfimi. En til að ná slíkri tækni þarf góða hljóðkerfisvitund, þ.e. næmi fyrir einstökum hljóðum tungumálsins. Þar sem ung tvítyngd börn greina hljóð úr tveimur tungumálum geta þau öðlast næmari og víðtækari hljóðkerfisvitund en börn sem aðeins heyra og nota eitt tungumál, eintyngd börn. Þrátt fyrir slíkt forskot hjá sumum tvítyngdum börnum er þessi nemendahópur almennt ekki fljótari en eintyngdir jafnaldrar að ná tókum á lesfimi. Það sem skiptir mestu máli, auk einstaklingshæfni og gæða kennslunnar, er hversu einfalt eða flókið ritkerfi tungumálsins er. Til dæmis börn sem læra að lesa á finnsku, sem hefur einfalt ritkerfi, þau eru fljótari að ná tókum á lestri en jafnaldrar sem læra að lesa á ensku með flókið ritkerfi. Íslenska ritkerfið er frekar einfalt sem endurspeglast í því hversu vel íslenskum nemendum gengur að læra að lesa, aðeins verr en þeim finnsku og betur en þeim ensku. Mikilvægt er að tvítyngd börn nái lesfimi í báðum málum sínum en það að læra að lesa á tungumáli með einföldu ritkerfi er góð undirstaða til að takast á við flókið ritkerfi. Sem dæmi má nefna barn með ensku að móðurmáli og íslensku sem annað mál, barnið hefur ákveðinn ávinning af því að læra að lesa á íslensku jafnhliða því að læra að lesa á ensku. Að geta lesið áreynslulaust er þó ekki nóg því lestur þjónar litlum tilgangi ef lesandi skilur ekki það sem hann les. Fyrir góðan lesskilning situr orðaforði í öndvegi.

Orðaforði ungra tvítyngdra barna mótast af þeirri málörvun sem þau fá í hvoru máli fyrir sig. Þau læra gjarnan orð sem tengjast fjölskyldulífi á móðurmálinu og orð sem þau heyra og nota í leikskólanum í tungumáli skólasamfélagsins. Þannig skiptist orðaforði ungra tvítyngdra barna að jafnaði á milli tungumála þeirra. Þessi tilhneiging kann að leiða til þess að þau þrói minni orðaforða í hvoru máli en eintyngd börn í sínu eina máli. Minni orðaforði tvítyngdra barna í tungumáli skólasamfélagsins getur leitt til hægari framfara í lesskilningi sem síðan hefur hamlandi áhrif á námsgengi þeirra. Til að sporna við slíkri óheillapróun er mikilvægt að gefa þeim góðan stuðning og það strax á unga aldri, að þau auki stöðugt orðaforða sinn, og helst í báðum málum. Því gefur auga leið að hlutverk leik- og grunnskólakennara er afar mikilvægt, sérstaklega ef foreldrar tvítyngdra barna hafa takmarkaða kunnáttu í tungumáli skólasamfélagsins. Aftur á móti er grundvallaratriði að foreldrar gefi tvítyngdum börnum sínum góða málörvun í móðurmálinu. Í gegnum lestur á móðurmáli eflist orðaforði móðurmálsins og í gegnum lestur á tungumáli skólasamfélagsins eflist orðaforði í því máli. Ritað mál inniheldur fjölbreytilegan orðaforða, að mestu leyti algeng orð en líka sjaldgæf orð. Í síðarnefnda hópnum eru orð sem eru notuð í margs konar texta, samheiti algengra orða og huglæg orð, en einnig orð sem tilheyra ákveðnum fræðasviðum.

Þegar nemendur eru orðnir eldri, komnir vel á grunnskólaaldur, þegar þeir flytja til nýs lands og hefja nám í öðru tungumáli njóta þeir góðs af því að hafa þegar öðlast ákveðna færni og þekkingu í móðurmálinu, þeir hafa gjarnan lært mörg sjaldgæf orð. Til dæmis þegar þeir takast á við landafræði og náttúrufræði þá kemur sér vel að hafa undirstöðu í því sem fjallað er um: þeir hafa lært ákveðin hugtök sem tilheyra þessum greinum, eins og til dæmis spendýr og iðnaður. Þeir hafa þekkingu á því fyrir hvað orðin standa – sem eru í raun hluti af inntaki þessara námsgreina. Einnig þegar þeir

rekast á orð í nýja málinu með flókna merkingu, huglæg orð eins og gagnsemi og nýtni; hafi þeir lært orð fyrir sömu merkingu á móðurmálinu getur skilningur á flókinni merkingu þeirra auðveldlega flust yfir á hitt tungumálið. Eldri börn geta því lært annað tungumál hraðar en þau yngri. Eldri nemendur standa þó frammi fyrir þeirri áskorun að ná fótfestu í námi í nýju samfélagi og með notkun nýs tungumáls. Þeir þurfa því góðan og markvissan stuðning í nýja málinu en einnig tækifæri til að byggja á fyrri þekkingu sinni, bæði í móðurmáli og í hinum ýmsu námsgreinum. Slíkri tengingu er hægt að ná með því að hafa við hendina námsbækur, eða efni á vef, á móðurmálinu sem fjallar um það sem fengist er við hvert sinn í skólafarinu. Á þann hátt getur bakgrunnsþekking og móðurmálskunnátta orðið stökkpallur fyrir tileinkun og framfarir í nýja málinu. Fyrir bæði þá sem eldri eru þegar þeir hefja tileinkun annars máls og þá sem yngri eru gegnir orðaforði skólasamfélagsins lykilhutverki.

Svo virðist vera að tvítýngdir nemendur hér á landi (sem eiga íslensku sem annað tungumál, ÍSAT nemendur) fái almennt ekki nægilegan stuðning í íslensku í leik- og grunnskólum, því rannsóknir sýna að þeir auka hægt íslenskukunnáttu sína á milli ára og í lok grunnskóla standa þeir langt að baki innfæddum jafnöldrum sínum. Því má álykta að ÍSAT nemendur þurfi betri og markvissari stuðning og sem allra fyrst. Strax í leikskóla þarf að leggja áherslu á íslenskan orðaforða þeirra og hljóðkerfisvitund. Slíkar áherslur geta aukið gleði þeirra og virkni í leikskólanum, þau verða betur fær um að skilja það sem fram fer og þau geta betur tekið þátt í leik með öðrum börnum.

Árangursrík leið til að efla málþroska barna er einmitt að gefa þeim næg tækifæri til notkunar tungumálsins, ekki aðeins til skilnings heldur einnig til tjáningar, að þau verði virkir málnotendur. Skemmtilegar umræður um lesinn texta í leikskóla þar sem unnið er markvisst með íslensk orð geta lyft grettistaki. Innihaldsrík umfjöllun í grunnskóla um málefni sem höfða til áhugasviðs nemenda þar sem þeir færa rök fyrir skoðunum sínum, takast á og komast hugsanlega að málamiðlun, hafa sýnt verulegan árangur í eflingu málþroska barna. Þá þurfa nemendur þjálfun í að skrifa í fjölbreyttum tilgangi fyrir ólíka lesendahópa. Nemendur ættu að fá tækifæri til að þjálfva ritun frásagna og upplýsingatexta, í því felst m.a. að þeir átti sig á ólíkri uppbyggingu slíkra texta.

Hér að ofan hefur verið fjallað um hljóðkerfisvitund, lesfimi, orðaforða og lesskilning og hugsanleg áhrif tvítýngis á þessa grundvallarfærniþætti læsis. Tilgangurinn með umfjölluninni er að gera kennara meðvitaðri um sértækar námsþarfir ÍSAT nemenda og nauðsyn þess að mæta þeim á markvissan hátt.

Heimildaskrá

Aneta Figlarska, Rannveig Oddsdóttir, Samúel Lefever og Hrafnhildur Ragnarsdóttir. (2017). Pólskur og íslenskur orðaforði íslenskra leikskólabarna. *Netla – Veftímarit um uppeldi og menntun*, 1–22. Sótt af http://netla.hi.is/?page_id=4040

Árdís Hrönn Jónsdóttir. (2013). *Orðaspjall: Að efla orðaforða og hlustunarskilning barna með bóklestri*. Reykjanesbær: Leikskólinn Tjarnarsel. Sótt af <http://www.tjarnarsel.is/verkefni/ordaspjall/>

Bialystok, E. (2007). Acquisition of literacy in bilingual children: A framework for research. *Language Learning*, 57(1), 45–77. Sótt af <https://onlinelibrary.wiley.com/doi/abs/10.1111/j.1467-9922.2007.00412.x>

Erla Lind Þórisdóttir. (2017). *Orðaþröskuldur íslenskra grunnskólanemenda á miðstigi: Hlutfall þekktara orða í náttúrufræðitexta og lesskilningur* (óútgefin meistara-ritgerð). Menntavísindasvið Háskóla Íslands, Reykjavík. Sótt af <https://skemman.is/handle/1946/28485>

- Freyja Birgisdóttir. (2010). Einstaklingsmunur og þróun læsis hjá fjöggra til sjö ára börnum. *Ráðstefnurit Netlu – Menntakvika 2010*. Sótt af <https://skemman.is/handle/1946/7826>
- Freyja Birgisdóttir. (2011). Þróun læsis frá fjöggra til átta ára aldurs. *Ráðstefnurit Netlu – Menntakvika 2011*. Sótt af <https://skemman.is/handle/1946/12361>
- Hoff, E., Core, C., Place, S. og Rumiche, R. (2012). Dual language exposure and early bilingual development. *Journal of Child Language*, 39(1), 1–27. Sótt af <https://www.ncbi.nlm.nih.gov/pmc/articles/PMC4323282/>
- Hrafnhildur Ragnarsdóttir. (2011). Textagerð barna, unglunga og fullorðinna: Samanburður á orðaforða í rit- og talmálstextum, frásögnum og álitsgerðum. *Uppeldi og menntun*, 20(1), 75–98. Sótt af http://timarit.is/view_page_init.jsp?pageld=5610662
- Hulda Patricia Haraldsdóttir. (2013). *Þátíðarmyndun og stærð íslensks orðaforða tvítyngdra leikskólabarna* (óútgefin meistararitgerð). Menntavísindasvið Háskóla Íslands, Reykjavík. Sótt af <https://skemman.is/handle/1946/16050>
- Kriselle Lou Suson Jónsdóttir. (2017). *Linguistically Diverse Children in Iceland: Family Language Policy and Icelandic Phonological Awareness* (óútgefin meistararitgerð). Menntavísindasvið Háskóla Íslands, Reykjavík. Sótt af <https://skemman.is/handle/1946/29194>
- Laufer, B. og Ravenhorst-Kalovski, G. C. (2010). Lexical threshold revisited: Lexical text coverage, learners' vocabulary size and reading comprehension. *Reading in a Foreign Language*, 22(1), 15–30. Sótt af <https://eric.ed.gov/?id=EJ887873>
- Lawrence, J. F., Francis, D., Paré-Blagoev, J. og Snow, C. E. (2016). The poor get richer: Heterogeneity in the efficacy of school-level intervention for academic language. *Journal of Cognitive Neuroscience* (september). Sótt af <https://www.tandfonline.com/doi/abs/10.1080/19345747.2016.1237596?journalCode=uree20>
- Lervåg, A. og Aukrust, V. G. (2010). Vocabulary knowledge is a critical determinant of the difference in reading comprehension growth between first and second language learners. *Journal of Child Psychology and Psychiatry*, 51(5), 612–620. Sótt af <https://onlinelibrary.wiley.com/doi/abs/10.1111/j.1469-7610.2009.02185.x>
- Lesvefurinn. (e.d.). *Lesvefurinn: um læsi og lestrarerfiðleika*. Menntavísindasvið Háskóla Íslands. Sótt af <http://lesvefurinn.hi.is/>
- Mancilla-Martinez, J., Kieffer, M. J., Biancarosa, G., Christodoulou, J. A. og Snow, C. E. (2011). Investigating English reading comprehension growth in adolescent language minority learners: some insights from the simple view. *Reading and Writing*, 24(3), 339–354. Sótt af <https://eric.ed.gov/?id=EJ915937>
- OECD. (2017). *PISA 2015 Assessment and analytical framework: Science, Reading, Mathematics, Financial Literacy and Collaborative Problem Solving, revised edition*. París: PISA, OECD publishing. Sótt af <http://dx.doi.org/10.1787/9789264281820-en>
- Oller, D. K., Pearson, B. Z. og Cobo-Lewis, A. B. (2007). Profile effects in early bilingual language and literacy. *Applied Psycholinguistics*, 28(2), 191–230. Sótt af <https://www.cambridge.org/core/journals/applied-psycholinguistics/article/profile-effects-in-early-bilingual-language-and-literacy/7CBOF83457939A86FF60E3CCBOCF8482>
- Roessingh, H. og Kover, Pat. (2008). Variability in ESL outcomes: The Influence of age on arrival and length of residence on achievement in high school. *TESL Canada Journal/Revue TESL du Canada*, 26(1), 87–107. Sótt af <https://teslcanadajournal.ca/index.php/tesl/article/view/271>

- Roessingh, H. (2016). Academic Language in K-12: What is it, how is it learned, and how can we measure it? *BC TEAL Journal*, 1(1), 67–81. Sótt af <https://ojs-o.library.ubc.ca/index.php/BCTJ/article/view/235/260>
- Seymour, P. (2005). Early reading development in European orthographies. Í M. J. Snowling og C. Humle (ritsj.), *The science of reading: A handbook* (bls. 96–315). Oxford, United Kingdom: Blackwell.
- Sigríður Ólafsdóttir og Baldur Sigurðsson. (2017). Hnignandir frammistaða íslenskra nemenda í lesskilningshluta PISA frá 2000 til 2015: Leiðir til að snúa þróuninni við. *Netla: Veftímarit um uppeldi og menntun*. Menntavísindasvið Háskóla Íslands, 1–22.
Sótt af http://netla.hi.is/?page_id=19#toggle-id-2
- Sigríður Ólafsdóttir, Freyja Birgisdóttir, Hrafnhildur Ragnarsdóttir og Sigurgrímur Skúlason. (2016). Orðaforði og lesskilningur hjá börnum með íslensku sem annað mál: Áhrif aldurs við komuna til Íslands. *Netla – Veftímarit um uppeldi og menntun: Sérarit um læsi*. Menntavísindasvið Háskóla Íslands, 1–25. Sótt af http://netla.hi.is/serrit/2016/um_laesi/03_16_laesi.pdf
- Sigríður Ólafsdóttir, Freyja Birgisdóttir, Hrafnhildur Ragnarsdóttir og Sigurgrímur Skúlason. (2017). Íslenskur orðaforði og lesskilningur nemenda með íslensku sem annað mál: Tengsl við móðurmálskennslu. *Fagtímaritið Glæður: Félag sérkennara á Íslandi*, 35–51.
- Sigríður Ólafsdóttir og Hrafnhildur Ragnarsdóttir. (2010). Íslenskur orðaforði íslenskra grunnskólana sem eiga annað móðurmál en íslensku. *Ráðstefnurit Netlu*. Menntavísindasvið Háskóla Íslands. Sótt af <https://skemman.is/handle/1946/7850>
- Sólveig Reynisdóttir. (2017). *Leiktu, lestu og spjallaðu: Aukin tækifæri tvítyngdra leikskólabarna til að efla íslenskan orðaforða sinn* (óútgefin meistararitgerð). Menntavísindasvið Háskóla Íslands, Reykjavík. Sótt af <https://skemman.is/handle/1946/29692>
- Thordardóttir, E. og Juliusdóttir, A. (2012). Icelandic as a second language: A longitudinal study of language knowledge and processing by school-age children. *International Journal of Bilingual Education and Bilingualism*, 16(4), 411–435.